

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

135. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 3. október kl. 15:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Mættir undirritaðir.

Dagskrá.

1. Drög að fjárhagsáætlun grunnskóla.
2. Drög að fjárhagsáætlun leikskóla.
3. Drög að fjárhagsáætlun tónlistarskóla.
4. Önnur mál. Tekið á dagskrá skóladagatal fyrir skólastarfið á Borðeyri.

Afgreiðslur.

1. Leikskólastjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013, bæði í leikskólanum Ásgarði og í skólanum á Borðeyri. Fyrirsjáanleg er fækkun leikskólabarna á Ásgarði og Borðeyri á næsta ári. Engar stórar breytingar eru fyrir séðar varðandi rekstur. Leikskólastjóri óskar eftir ýmsum minni framkvæmdum til eignasjóðs. Mikil vinna er framundan varðandi aðalnámsskrá. Viðbótarstjórnarhlutfall var sett inn til að vinna að aðalnámsskrá en leikskólastjóri óskar eftir viðbótartíma fyrir starfsfólkið til að koma að þessari vinnu. Starfsdagur 4. mars er ætlaður fyrir aðalnámsskrá. Ráðstefna verður 9. og 10. nóvember þar sem þróunarvinna skólans verður kynnt.
2. Skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra lagði fram drög að fjárhagsáætlun grunnskólans fyrir árið 2013. Ósk skólastjóra fyrir kennsluárið 2013-2014 er 421 kennlustund. Skólastjóri vann að breytingum þar sem hann hafði að leiðarljósi að auka faglegt starf, minnka rekstrarkostnað og auka laun kennara. 1. janúar 2012 færðust tvö stöðuhlutföll í grunnskóla á nýtt fræðslu- og velferðarsvið en skólinn fær þjónustu frá sviðinu á móti. Skólastjóri óskar eftir ýmsum framkvæmdum á skólahúsnæði á Laugarbakka og á Hvammstanga. Skólastjóri vill leggja til að foreldrum verði ekki greidd kennslulaun fyrir heimadag einu sinni í viku. Fræðsluráð gerir tillögu um að forvarnarverkefnið „Hugsað um barn“ verði sett aftur inn á fjárhagsáætlun grunnskólans eða framlag verði hækkað til stýrihóps um forvarnir svo hægt verði að greiða fyrir verkefnið með þeim hætti. Kostnaður við verkefnið þennan vetur er 200.000 krónur. Umhverfisfulltrúi kynnti hugsanlegar endurbætur á skólalóð grunnskólans á Hvammstanga.
3. Skólastjóri tónlistarskólans lagði fram drög að fjárhagsáætlun tónlistarskólans 2013. Rekstur skólans fyrir árið 2012 er undir áætlun og mun skólinn geta keypt hljóðfæri fyrir 800.000 krónur. Sama fjármagn er áætlað fyrir næsta ár. Gjaldskrá tónlistarskólans mun fylgja almennum verðlagshækkunum og hækka um 4,5 %. Tónlistarskólastjóraþingið mun verða í Húnaþingi vestra á næsta ári.

4. Leikskólastjóri lagði fram skóladagatal Borðeyrar til kynningar. Fræðsluráð staðfestir skóladagatalið. Skólastjóri sagði frá starfinu á Borðeyri, margt sem þarf að vinna með en það verður gert hægt og rólega. Vinnan leggst vel í hana.

Kristín Ólöf Þórarinsdóttir og Laura Ann Howser sitja fundinn sem fulltrúar starfsfólks grunnskóla. Elísa Sigríður Guðmundsdóttir situr fundinn fyrir hönd starfsmanna leikskólabarna. Selma Klara Gunnarsdóttir situr fundinn fyrir hönd foreldra leikskólabarna. Ína Björk Ársælsdóttir situr fundinn fyrir hönd foreldra grunnskólabarna. Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttir, fræðslu-og félagsmálastjóra.

Fundargerð upplestin og samþykkt
Rakel Runólfssdóttir(sign.),
Gísli G.Magnússon(sign.),
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign),

Fundi slitið kl: 16.45
Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),
Gunnar Ægir Björnsson(sign.).